



Slysatrygging launþega

Skilmáli nr. SP20

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. SP20.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framar skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Slysatrygging launþega er sniðin að þörfum atvinnurekenda til að uppfylla skyldur sínar gagnvart starfsfólki samkvæmt kjarasamningum.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið.

Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

I. Almenn ákvæði

1. Hver er tryggður?

1.1 Tryggingin gildir fyrir launþega í starfi hjá tryggingartaka.

2. Hvar og hvenær gildir tryggingin?

2.1 Tryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

2.2 Tryggingin gildir:

- 2.2.1 Í starfi hjá tryggingartaka og á eðlilegri leið frá heimili til vinnustaðar og frá vinnustað til heimilis. Ef tryggður hefur vegna starfa síns viðlegustað utan heimilis, kemur viðlegustaður í stað heimilis.
- 2.2.2 Í ferðum innanlands og utan sem farnar eru á vegum tryggingartaka, enda sé ákvæði um slíkt í kjarasamningi sem tekur til tryggðs.
- 2.2.3 Við þátttöku í íþróttum, keppnum og leikjum á vegum tryggingartaka eða starfsmannafélags tryggðs og ætlast er til þátttöku tryggðs í slíkri iðkun sem hluti af starfi hans, enda sé ákvæði um slíkt í kjarasamningi sem tekur til tryggðs.
- 2.2.4 Í frítíma komi það fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

3. Upphaf og lok verndar tryggðs

3.1 Ábyrgð VÍS gagnvart tryggðum hefst þegar hann hefur störf hjá tryggingartaka.

3.2 Tryggingin fellur niður gagnvart launþega þegar hann lætur af störfum hjá tryggingartaka.

II. Slysatrygging launþega

4. Hugtakanotkun

4.1 Með hugtakinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans.

4.2 Biðtími er það tímabil sem samkvæmt skírteini eða endurnýjunarkvittun á að líða frá upphafi óvinnufærni þar til dagpeningagreiðslur hefjast. Fyrir þetta tímabil eru ekki greiddir dagpeningar.

5. Hvað bætir tryggingin?

5.1 VÍS greiðir bætur vegna þeirra bótaþátta sem innifaldir eru í tryggingu og tilgreindir eru í skírteini eða endurnýjunarkvittun:



Bótáþáttur	VÍS greiðir bætur vegna slyss sem tryggður verður fyrir á gildistíma tryggingarinnar:
5.1.1 Dánarbætur	Ef slysið leiðir til andláts tryggða innan þriggja ára frá slysdegi greiðir VÍS dánarbætur.
5.1.2 Miskabætur	Ef slysið leiðir til varanlegs miska innan þriggja ára frá slysdegi greiðir VÍS miskabætur.
5.1.3 Bætur vegna tannbrots	Ef slysið leiðir til þess að heilbrigðar og vel viðgerðar tennur brotna eða laskast greiðir VÍS viðgerðir. Þetta á eingöngu við ef miskabætur eru tilgreindar sem bótáþáttur á skirteini eða endurnýjunarkvittun.
5.1.4 Dagpeningar	Ef slysið leiðir til tímabundins missis starfsorku greiðir VÍS dagpeninga.

- 5.2 Ef jarðskjálfti, eldgos, flóð, skriðuföll eða aðrar náttúruhamfarir valda slysi í einum og sama atburði á mörgum tryggðum einstaklingum takmarkast heildarbætur VÍS við 200 milljónir króna. Bætur skiptast hlutfallslega á milli bótaþega. Takmörkun þessi gildir þótt hinir slösuðu séu ekki launþegar sama tryggingartaka.

6. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 6.1 VÍS greiðir ekki bætur vegna slysa sem verða:

- Í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum, sjá þó grein 2.2.3. Með íþróttum er hér átt við einstaklings- eða liðsíþróttir sem æfðar eru reglulega undir leiðsögn þjálfara á vegum félaga eða samtaka sem hafa íþróttakeppni að tilgangi. Þessi takmörkun á þó ekki við um almenningsþátttöku í keppni eða æfingum í golfi, götu- eða fjallahjólreiðum (þó ekki fjallahjólbrun eða enduro), gönguskíðum, þríþraut, víðavangs- eða götuhlaupi.
 - Í bardaga-, glímu-, eða sjálfsvarnaríþróttum þar sem tilgangur íþróttanna er að slá, kýla eða sparka til andstæðingsins eða takast á við hann á annan hátt.
 - Í akstursíþróttum.
 - Í bjargsígi, kletta-, fjalla- og ísklifri.
 - Í fjallgöngu af hvaða tegund sem er í yfir 4.000 metra hæð frá sjávarmáli.
 - Í köfun með súrefniskút og fríköfun (án súrefnis) á meira dýpi en 10 metrar.
 - Í loftbelgs-, svífvangja-, dreka-, svíf-, físvélaflugi og öðrum sambærilegum athöfnum.
 - Í teygjustökki, fallhlífastökki og BASE stökki og öðrum sambærilegum athöfnum.
 - Í flugi, nema tryggður sé farþegi í áætlnar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda.
 - Í handalögmaðlum, nema tryggður hafi í starfi sínu eingöngu brugðist við í sjálfsvörn.
 - Við þátttöku í refsiverðum verknaði.
 - Af völdum ljósabaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema meðferðin sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss og gerð á viðurkennndri heilbrigðisstofnun.
 - Af völdum neyslu áfengis, ávana- og fíkniefna eða annarra örvandi eða deyfandi efna nema sannað sé að ekkert samband hafi verið milli ástands þessa og slyssins.
 - Af völdum eitraðra lofttegunda, nema eitrunin hafi orðið skyndilega og án vilja tryggðs.
 - Beint eða óbeint af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira, eða þegar afleiðingar slyss verða meiri vegna framangreindra atriða.
 - Þegar bótaréttur vegna slyssins er fyrir hendi samkvæmt lögboðinni ökutækjatrýggingu, þ.e. hvort heldur er úr ábyrgðartryggingu eða slysatryggingu ökumanns og eiganda, nema annað leiði af kjarasamningi. Sama gildir eigi tryggður rétt til bóta samkvæmt reglum umferðarlaga um tjón af völdum óþekktra og ótryggðra ökutækja.
 - Í starfi hjá öðrum en tryggingartaka hvort sem um er að ræða launað starf eða ekki eða arðbært starf í eigin þágu sem atvinnuslysaþætta fylgir.
- 6.2 VÍS bætir ekki tennur sem brotna í vinnuslysi eða vegna annarra atvika að því marki sem það bætist samkvæmt lögum um almannatryggingar eða annarri þátttöku hins opinbera í kostnaði við tannlækningar.
- 6.3 VÍS greiðir ekki bætur vegna tannbrots sem verður þegar tryggður matast.

7. Verð

- 7.1 Verð tryggingar tekur mið af störfum, kjarasamningum og fjölda þeirra sem tryggðir eru.

Hægt er að óska eftir að **tryggja sérstaklega** áhættu samkvæmt a.–f. Lið gr. 6.1.



8. Tryggingarfjárhæð

- 8.1 Hámark tryggingarfjárhæða vegna dánarbóta, miskabóta og dagpeninga kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun og fer eftir ákvæðum kjarasamnings þess sem tekur til tryggðs.
- 8.2 Tryggingarfjárhæðir breytast í samræmi við þá vísitölu og með þeim hætti sem fram kemur í kjarasamningi þeim sem tekur til tryggðs.
- 8.3 Tryggingarfjárhæðir taka mið af aldri tryggðs í samræmi við ákvæði kjarasamnings sem gilda fyrir tryggðan.
- 8.4 Sé tryggður 70 ára eða eldri og ekki eru sérstök ákvæði vegna aldurs tryggðs í kjarasamningi sem tekur til hans, verða tryggingarfjárhæðir eftirtaldir hundradshlutar af hámarkstryggingarfjárhæðum:

Aldur	Prósenta	Aldur	Prósenta	Aldur	Prósenta
70 ára	95%	75 ára	70%	80 ára	45%
71 árs	90%	76 ára	65%	81 árs	40%
72 ára	85%	77 ára	60%	82 ára	30%
73 ára	80%	78 ára	55%	83 ára	20%
74 ára	75%	79 ára	50%	84 ára og eldri	10%

- 8.5 Bætur reiknast á grundvelli tryggingarfjárhæða á slysdagi og breytast í hlutfalli við breytingu á vísitölu frá slysdagi til uppgjörsdags tjóns í samræmi við ákvæði kjarasamnings sem tekur til tryggðs.

9. Áhættubreyting

- 9.1 Tryggingartaki skal án ástæðulauss dráttar tilkynna VÍS um sérhverjar breytingar á starfi þeirra sem tryggðir eru, sem hafa áhættuaukningu í för með sér. Vanræksla á því getur leitt til þess að ábyrgð VÍS vegna hvers tjónsatburðar verði lækkuð hlutfallslega.¹

10. Ákvörðun bóta

- 10.1 Dánarbætur:
- 10.1.1 Látist tryggður vegna afleiðinga slyss innan þriggja ára frá slysdagi greiðast dánarbætur að frádregnum bótum sem VÍS kann að hafa greitt tryggðum fyrir varanlegan miska vegna sama slyss.
- 10.1.2 VÍS á rétt á því að hinn látni verði krufinn til þess að leidd verði í ljós dánarorsök og annað sem máli gæti skipt um bótaábyrgð VÍS.
- 10.1.3 Um rétt til dánarbóta fer samkvæmt kjarasamningi þeim sem tekur til tryggðs.
- 10.2 Bætur vegna varanlegs miska (miskabætur):
- 10.2.1 Valdi slyss tryggðum varanlegum miska innan þriggja ára frá því slysið varð greiðast miskabætur á grundvelli þeirrar tryggingarfjárhæðar sem var í gildi á slysdagi.
- 10.2.2 Varanlegan miska skal meta í hundradshlutum samkvæmt töflu örorkunefndar um miskastig, sem eru í gildi þegar mat fer fram. Við ákvörðun miskastigs ber ekki að taka tillit til starfs, sérstakra hæfileika né þjóðfélagsstöðu. Slyss sem eingöngu valda lýti skal ekki meta til varanlegs miska. Ef líkur eru til að ástand tryggðs megi bæta með skurðaðgerðum eða öðrum slíkum aðgerðum ber að taka tillit til hugsanlegs bata sem slíkar aðgerðir kynnu að hafa í för með sér. Sé áverka hins slasaða ekki getið í töflu örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega með hliðsjón af töflunni. Varanlegur miski getur aldrei talist meiri en 100%. Miskabætur greiðast í hlutfalli við tryggingarfjárhæðina samkvæmt fyrirmælum í kjarasamningi. Við útreikning miskabóta skal ekki tekið tillit til örorku sem var til staðar fyrir slysið.
- 10.2.3 Við mat á varanlegum miska skal beita hlutfallsreglu eftir því sem við á.
- 10.2.4 Margfeldisáhrif miskastiga taka mið af ákvæðum kjarasamnings sem gilda fyrir tryggðan.
- 10.2.5 Missir eða bækun á útlím eða líffæri sem var ónothæft fyrir slysið gefur ekki rétt til bóta vegna varanlegs miska. Missir eða bækun á útlím eða líffæri sem áður var bæklað skal metið til miska með hliðsjón af bækuninni fyrir slysið.
- 10.2.6 Miski skal að jafnaði metinn einu ári eftir slysið, annars þegar lækni telur að varanlegar afleiðingar slyssins hafi komið í ljós en þó ekki síðar en þremur árum eftir slysdag.
- 10.2.7 Ef tryggður andast áður en varanlegur miski er metinn greiðast engar miskabætur.
- 10.2.8 Bendi fyrirbyggjandi læknisfræðileg gögn til varanlegra afleiðinga vegna slyssins, mun starfsfólk VÍS leggja mat á umfang þeirra með hliðsjón af

¹ Sbr. 88. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.



- miskatöflu örorkunefndar. Telji starfsfólk VÍS tilefni til, getur VÍS aflað mats utanaðkomandi sérfræðings á afleiðingum slyssins.
- 10.2.9 Tryggður skal óska eftir mati VÍS í samræmi við grein 10.2.8 eigi síðar en þremur árum frá slysdegi, að öðrum kosti fellur réttur hans til bóta samkvæmt tryggingunni niður.
- 10.3 Bætur fyrir tímabundinn missi starfsorku (dagpeningar):
- 10.3.1 VÍS tekur ákvörðun um greiðslu dagpeninga á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja.
- 10.3.2 Valdi slyss trygðum tímabundnum missi starfsorku greiðir VÍS dagpeninga. Dagpeningar greiðast í hlutfalli við starfsorkumissi frá lokum biðtíma og svo lengi sem tryggður er óvinnufær að mati læknis, eða þar til miskamat hefur farið fram.
- 10.3.3 Dagpeningar greiðast ekki lengur en í þann hámarksbótatíma sem kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun og ekki eftir að þrjú ár eru liðin frá slysdegi.
- 10.3.4 Stafi starfsorkumissir tryggða að einhverju leyti af öðrum orsökum en slysinu lækka dagpeningar í beinu hlutfalli við það hvern þátt þessar orsakir eiga í missi starfsorkunnar.
- 10.3.5 Dagpeningar greiðast tryggingartaka meðan hann greiðir þeim sem tryggður er laun samkvæmt kjarasamningi en síðan þeim sem tryggður er.
- 10.3.6 Dagpeningar greiðast í lok hvers mánaðar.
- 10.4 Bætur vegna tannbrots:
- 10.4.1 Greiðsla VÍS takmarkast við 5% af tryggingarfjárhæð miskabóta vegna hvers slyss og samanlagðar greiðslur vegna slysa á hverju tryggingartímabili við 7,5% af sömu fjárhæð.
- 10.5 VÍS er heimilt að láta lækni, að vali VÍS, skoða tryggða.
- 10.6 VÍS greiðir kostnað vegna nauðsynlegra læknisvottorða í tengslum við tjónsatburð þegar þeirra er aflað að beiðni VÍS.

11. Framsal

- 11.1 Tryggður má ekki án samþykkis VÍS framselja réttindi sín samkvæmt tryggingarsamningnum.

III. Trygging á persónulegum munum (valkvætt)

12. Hvað er tryggt?

- 12.1 Trygging á persónulegum munum tryggða er innifalin ef hún er tilgreind í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 12.2 Tryggingin tekur til fatnaðar og persónulegra muna í eigu tryggða. Með persónulegum munum er átt við úr, skartgrip, gleraugu, heyrnartæki, stoðtæki og þess háttar sem eðlilegt er að tryggði beri á sér við framkvæmd starfsins.
- 12.3 Tryggingin tekur ekki til snjalltækja, fartölva og annarra sambærilegra muna. Tjón á farsímum og snjalltækjum er þó bætt hafi starfsmanni verið nauðsynlegt að nota eða bera slíkt tæki við framkvæmd starfsins.
- 12.4 Tryggingin tekur ekki til verkfæra af neinu tagi.

13. Hvað bætir tryggingin?

- 13.1 Tryggingin bætir tjón á trygðum munum vegna skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks við framkvæmd vinnu á vinnustað eða í beinum tengslum við starf tryggða og tryggingartaki ber ábyrgð á samkvæmt kjarasamningi.

14. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 14.1 Tryggingin bætir ekki:
- Tjón sem verður vegna þess að tryggður munur er mislagður, hann gleymist, týnist eða er skilinn eftir á almannafæri.
 - Tjón sem tryggingartaki ber ekki ábyrgð á samkvæmt kjarasamningi vegna gáleysis eða hirðuleysis starfsmanns við meðferð eða varðveislu tryggðs munar.
 - Tjón sem hlýst af langvarandi raka, leka eða smiti eða tjón sem hlýst af myglu eða sveppagróðri.
 - Þjófnað á trygðum munum, sem verður án innbrots í læst húsnæði, ökutæki eða hirslu. Tjón vegna innbrotsþjófnaðar fæst aðeins bætt ef á vettvangi eru skýr ummerki um innbrot.
 - Útlitsgalla sem rýrir hvorki verðmæti né notagildi tryggðs munar.

15. Ákvörðun bóta

- 15.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi.
- 15.2 Ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir



tjón og viðgerð borgar sig að mati VÍS, getur VÍS annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist á kostnað VÍS. Það telst fullnaðarviðgerð þó að sjá megi að gert hafi verið við hlutinn.

- 15.3 Ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati VÍS, getur VÍS greitt bæt看ur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu. Hafi verið greiddar bæt看ur samkvæmt þessari grein áskilur VÍS sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist
- 15.4 VÍS hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir tjónsatburð og verðmæti eftir tjónsatburð.
- 15.5 Bæt看ur greiddast tryggingartaka hafi hann greitt bæt看ur fyrir skemmdan mun en að öðrum kosti til tryggða.
- 15.6 Tryggður skal ekki hagnast á tjónsatburði. Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón tryggðs.

Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.